

REGLUR

94

25. júní

um skipulag flugmála á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Flugráð fer með stjórn flugmála á Keflavíkurflugvelli undir yfirstjórn utanríkisráðherra.

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli hefur með höndum daglegan rekstur og stjórnar skrifstofu flugmálanna þar undir eftirliti flugráðs.

2. gr.

Flugráð semur og sendir utanríkisráðuneytinu, að fengnum tillögum flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli, árlega, sérstaka áætlun ásamt greinargerð um tekjur og gjöld flugmála Keflavíkurflugvallar til afnota við samningu fjárlaga.

3. gr.

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli skal gæta þess vandlega, að útgjöld á fjárhagsáætlun Keflavíkurflugvallar fari ekki fram úr fjárlögum.

4. gr.

Skrifstofa flugvallarins á Keflavíkurflugvelli hefur á hendi allt bókhald vegna Keflavíkurflugvallar undir yfirstjórn og eftirliti utanríkisráðuneytisins og samkvæmt nánari fyrirmælum þess.

5. gr.

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli skal a. m. k. hálfsmánaðarlega greiða í ríkissjóð innkomnar tekjur vallarins í innlendum gjaldeyri og bönkunum erlendan gjaldeyri.

Flugvallarstjóra er þó heimilt í samráði við utanríkisráðuneytið að halda eftir innlendum gjaldeyri til daglegs reksturs Keflavíkurflugvallar.

6. gr.

Flugráð heldur fundi á Keflavíkurflugvelli, þegar ástæða þykir til, vegna flugmálanna þar.

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli gerir flugráði mánaðarlega grein fyrir fjármálum Keflavíkurflugvallar.

7. gr.

Allir samningar við varnarliðið samkvæmt varnarsamningnum frá 1951, varðandi almenna flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli, skulu gerðar af utanríkisráðuneytinu.

Reglur þessar eru hér með settar í samræmi við og samkvæmt lögum nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, sbr. lög nr. 24 12. febrúar 1945 um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar, til þess að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Utanríkisráðuneytið, 25. júní 1957.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

B 23